




Reykjavík, 23. júní 2026  
USK26060032

## Einarsnes 76 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa


Lögð fram fyrirspurn Daníels Brands Sigurgeirssonar, dags. 2. júní 2026, um að leiðrétta lóðamörk milli lóðarinnar nr. 76 við Skeljaness og aðliggjandi lóða, samkvæmt uppd. Landupplýsinga, dags. 2. júní 2026.



Gildandi deiliskipulag



Loftmynd úr Borgarvefsjá



Tillaga af breytingu lóðamarka

## Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin íbúðarbyggð-Skerjafjörður.

Deiliskipulag/ HverfisSKIPulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir reitinn Einarsnes samþykkt í borgarráði 05.09.1995 ásamt síðari breytingum.

## Umsögn

Eigendur að Einarsnesi 76 hafa unnið með mælingardeild Reykjavíkurborgar að því að leiðrétta lóðamörk Einarsness 76. Í því felst að leiðrétta lóðamörk milli Einarsness 76 og 78, sem og milli Einarsness 76 og Skeljaness 2, í samráði við eigendur viðkomandi lóða og fasteigna.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, enda er um að ræða leiðréttingu sem samræmist núverandi fyrirkomulagi. Til þess að unnt sé að staðfesta breytinguna formlega þarf að gera breytingu á gildandi deiliskipulagi á kostnað viðkomandi lóðarhafa.

Með umsókn skal jafnframt fylgja samþykki allra lóðarhafa sem breytingin varðar.

## Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið
- Breyta þarf deiliskipulagi á kostnað lóðarhafa.
- Samþykki allra lóðarhafa þarf að fylgja umsókn um breytingu á deiliskipulagi.



Reykjavík



*Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.*

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Valný Aðalsteinsdóttir

Arkitekt og verkefnastjóri